



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 5/2017

Drög að reglum um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða samræmdar útreikningsforsendur staðalreglunnar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 30. mars nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“.
Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

9. mars 2017

REGLUR

um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða samræmdar útreikningsforsendur staðalreglunnar

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

2. gr.

Samræmdar útreikningsforsendur staðalreglunnar.

Samkvæmt 96. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi skal gjaldþolskrafa annað hvort reiknuð eftir staðalreglu eða eigin líkani í samræmi við XVI. kafla laganna. Til að tryggja samræmdar útreikningsforsendur staðalreglunnar gefur Fjármálaeftirlitið út reglur sem byggjast á tæknilegum framkvæmdarstöðlum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrseftirlitsstofnunarinnar (EIOPA).

3. gr.

Birting tæknilegra staðla.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1800 frá 11. október 2016 sem mælir fyrir um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða samsvörun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar við lánshæfisþrep.

Fjármálaeftirlitið vísar til birtingar enskrar útgáfu af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1800 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1486132907354&uri=CELEX:32016R1800>

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBS) nr. 2015/2017 frá 11. nóvember 2015 sem mælir fyrir um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða aðlagða þætti til að reikna gjaldþolskröfu vegna gjaldmiðlaáhattu fyrir gjaldmiðla sem tengdir eru við evru.

Fjármálaeftirlitið vísar til birtingar enskrar útgáfu af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2017 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1486132945433&uri=CELEX:32015R2017>

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBS) nr. 2015/2016 frá 11. nóvember 2015 sem mælir fyrir um tæknilega framkvæmdarstaðla er varðar hlutabréfavísitölu sem notuð er vegna samhverfrar aðlögunar við útreikning hlutabréfaáhættu.

Fjármálaeftirlitið vísar til birtingar enskrar útgáfu af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2016 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1486132989625&uri=CELEX:32015R2016>

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBS) nr. 2015/2011 frá 11. nóvember 2015 sem mælir fyrir um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða lista yfir héraðsstjórnir og sveitarstjórnir sem litið skal á sem sambærilega áhættu og viðeigandi ríki.

Fjármálaeftirlitið vísar til birtingar enskrar útgáfu af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2011 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1486133031671&uri=CELEX:32015R2011>

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. og 2. mgr. 101 gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, xx. mars 2017